

S A M Þ Y K K T

um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg

1.gr.

Markmið

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðla að endurnotkun og endurnýtingu og góða þjónustu við íbúa. Horft verður til úrgangspríhyrningsins í meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsförvarnir og mengunarbotareglan höfð að leiðarljósi við ákvörðun gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

2.gr.

Gildissvið

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg.

3.gr.

Umsjón og eftirlit

Umhverfisnefnd Árborgar fer með ákvörðunarvald í málefnum er varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Mannvirkja- og umhverfissvið fer með daglega yfirstjórn mála þessara samkvæmt samþykkt þessari.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og að farið sé að samþykkt þessari.

4.gr.

Almenn ákvæði

Meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Öllum er skylt að safna og flokka í úrgangsflokka á heimilum. Fjórum flokkum er safnað við heimili og öðrum flokkum á grenndarstöðvum og söfnunarstöð sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Árborg ber ábyrgð á sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á sínu svæði og samskiptum við þá aðila sem tengjast þeim viðfangsefnum. Sveitarfélagið getur sinnt sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á eigin vegum og er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar á úrgangi, rekstri grenndar-, söfnunar- og móttökustöðva og förgun úrgangs. Rekstraraðilar skulu hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

Gæta skal þess að ekki hljótist af mengun eða annar skaði fyrir umhverfi og að úrgangurinn uppfylli þær kröfur sem settar eru og við eiga, s.s. um flokkun og takmörkun á aðskotahlutum, þannig að úrgangurinn henti til endurnýtingar.

5.gr.

Skilgreiningar

Aðkomustaður: Svæði sem söfnunartæki á auðvelt með að komast að til að athafna sig við söfnun úrgangs úr ílátum viðkomandi íbúðarhúsnæðis.

Endurvinnslutunna/pappi/pappír: Ílát merkt til söfnunar á endurvinnanlegum pappa og pappír. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgangur má fara í pappírstunnu.

Endurvinnslutunna/lífúrgangur: Ílát merkt til sérsöfnunar á lífbrjótanlegum heimilisúrgangi. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvað má fara í lífúrgangstunnuna.

Endurvinnslutunna/plast: Ílát merkt til söfnunar á endurvinnanlegu plasti og plastumbúðum. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgangur má fara í plasttunnu.

Grátunna/Óendurnýtanlegur heimilisúrgangur: Annar úrgangur sem ekki flokkast í aðra flokka. Þó ekki garðaúrgangur eða timbur.

Grenndargámar/Grenndarstöðvar: Grenndarstöðvar eru staðsettar í sveitarfélaginu og taka á móti flokkuðum úrgangi frá heimilum og/eða smærri fyrirtækjum samkvæmt ákvörðun Sveitarfélagsins Árborgar um móttöku flokkaðs úrgangs. Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar til áframhaldandi meðhöndlunar.

Grunneining (a,b,c,d): Samsetning fjögurra íláta sem öll heimili skulu hafa: 240 lítra tunnur fyrir a) pappír og bylgjupappa, b) plastumbúðir og fyrir c) óflokkaðan blandaðan úrgang. 140 lítra tunna er fyrir d) sérsafnaðan lífúrgang.

Heimilisúrgangur: Úrgangur frá heimilum, t.d. lífúrgangur eins og matarleifar, pappír, pappi, plast, glerumbúðir, málmumbúðir og samskonar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Húsráðandi: Eigandi eða umráðandi viðkomandi fasteignar.

Ílát við sorphirðu: Móttökuílát undir úrgang. Ílát til heimilisnota eru í stærðum 140 l, 240 l, 100 l/140 l tvískipt(tveir úrgangsflokkar). Í fjölbýli eru 140 l, 240 l, 660 l, 1100 l og 100 l/140 l tvískipt(tveir úrgangsflokkar).

Meðhöndlun úrgangs: Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Móttökustöð: Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla förgunarstaðir.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

Rekstrarúrgangur: Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur.

Spilliefni: Úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Söfnunarleið: Vegur sem söfnunartæki ekur til þess að safna úrgangi.

Söfnunarstöð (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

Söfnunartæki: Ökutæki sem notað er til söfnunar úrgangs úr ílátum.

Þjónustuaðili: Einstaklingur eða lögaðili, annar en þjónustuverktaki, sem hefur starfsleyfi til söfnunar- og meðhöndlunar úrgangs.

Þjónustuverktaki: Einstaklingur eða lögaðili sem sveitarstjórn hefur falið framkvæmd á tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs.

6.gr.

Söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem samþykkt þessi kveður á um. Við allar íbúðir skal vera grunneining, 4 ílát til

flokkunar í fjóra flokka. Samliggjandi íbúðir eða hús geta sótt skriflega um að sameinast um ílát. Flokka skal allan úrgang sem fellur til við heimilishald í eftirtalda flokka við heimili: Almennt sorp, pappír og pappa, plast og lífúrgang.

Heimilt er að sækja um breytingar á samsetningu grunneiningar á heimasíðu Árborgar samkvæmt skilgreiningum í gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs. Við sérþýli skulu ílát vera stakar tunnur eða tvískiptar tunnur. Hægt er að sækja um að vera með aukailát.

Við fjölbýli eru ílátin stakar tunnur eða kör. Í fjölbýli þarf meirihluti eigenda að óska eftir öllum breytingum á sorphirðulátum. Þau gjöld sem greidd eru fyrir sorphirðuna fara eftir fjölda, tegundum tunna ásamt losunartíðni og hafa slíkar breytingar því áhrif á alla íbúa hússins. Þar sem er ekki starfandi hússtjórn dugar tölvupóstur íbúa um að þeir séu sammála um breytingarnar. Hússtjórn þarf að óska eftir breytingum sem hafa áhrif á gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs. Hægt er að sækja um að vera með aukailát.

Í fjöleignarhúsum er breytilegum gjöldum fyrir meðhöndlun úrgangs skipt eftir hlutfallstölum eigenda í viðkomandi sameign, sbr. 43. og 45. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Útreikningur hlutfallstölu skal byggður á flatarmáli eignarhluta hvers eiganda.

Söfnun úrgangs í Árborg fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatal sem er aðgengilegt á heimasíðu.

Grenndarstöðvar eru hluti af sorphirðu heimila og taka við flokkuðum úrgangi til endurnýtingar og endurvinnslu. Grenndarstöðvarnar eru staðsettar á áberandi stöðum, þar sem íbúar og gestir eiga erindi og þar sem aðgengi er gott hvort sem er gangandi, hjólandi eða akandi. Þéttleiki grenndarstöðvar í þéttbýli sé að jafnaði ekki lengra en 1 km fyrir íbúa að grenndarstöð. Þurfi að leggja niður grenndarstöð skal finna henni annan stað áður en starfsemi hennar er lögð niður. Sveitarfélagið Árborg ákveður hvaða flokkum úrgangs er tekið við á grenndarstöðvum að fenginni tillögu Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á hverri grenndarstöð. sveitarfélaginu og taka á móti málmum, gleri og textíl.

Annar úrgangur sem til fellur á heimilum eins og raftæki, spilliefni, skilagjaldsskyldar umbúðir, garðaúrgangur, jarðvegsefni, brotamálmur eða annan grófan úrgang skal fara með á söfnunarstöð Árborgar eða á viðkennda losunarstaði.

Sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um undanþágu frá söfnun lífúrgagns frá heimilum.

7.gr.

Söfnun úrgangs frá frístundahúsnæði

Húsráðanda frístundahúss er ekki skylt að hafa grunneiningu íláta en getur óskað eftir því enda liggja frístundahúsið við söfnunarleið söfnunartækis innan sveitarfélagsins og gilda þá sömu reglur um flokkun, gjaldtöku og hirðingu eins og fram koma í 6. grein samþykktanna um íbúðarhúsnæði.

8.gr.

Rekstrarúrgangur frá fyrirtækjum

Rekstraraðilum, þ.e. fyrirtækjum og stofnunum, er skylt að endurnýta eða flokka þann úrgang sem til fellur hjá þeim í samræmi gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins. Þeir bera ábyrgð á hirðu og förgun rekstrarúrgangs sem til fellur í starfsemi þeirra og bera af honum allan kostnað. Frágangur og umgengni um ílát fyrir úrgang, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Eigendum og umráðamönnum atvinnuhúsnæðis er heimilt að semja við hvern þann sem hefur tilskilinn leyfi og réttindi til flutnings og móttöku á úrgangi. Staðsetning sorpílata fyrir rekstrarúrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar, ákvæði byggingarreglugerðar og viðkomandi deiliskipulags.

9.gr.

Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs

Íbúar Árborgar þurfa sjálfir að útvega sér sorpílát og geta keypt ílát í gegnum heimsíðu Árborgar. Ílátin eru eign og á ábyrgð íbúa og gerð þeirra skal vera samþykkt af mannvirkja- og umhverfisviði Árborgar. Ílátum skal komið fyrir í sorpskýli eða þau fest tryggilega, gæta ber þess að auðvelt sé fyrir sorphirðumenn að losa ílátin úr festingum. Ílátin skulu staðsett saman sem næst lóðarmörkum og skulu ekki vera fjær söfnunarleið en 15 metrar. Hægt er að óska eftir að ílát séu sótt sé staðsetning þeirra lengri en 15 metrar og skulu þau ílát merkt sérstaklega og greitt samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu. Geymslur fyrir heimilisúrgang skulu vera aðgengilegar á hreinsunardögum sem tilteknir eru á sorphirðudagatölum. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Ekki er skylt að hirða úrgang sem ekki er í viðurkenndum sorpílátum.

Á stöðum þar sem aðstæður leyfa ekki að sorpílátum sé stillt upp við hvert heimili er heimilt með skriflegu samkomulagi að setja upp sameiginleg sorpílát í þeim tilfellum skal fylgja grein 6.12.6 í byggingarreglugerð, sem fjallar um sorpgeymslur.

Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá ílátum eins og þörf krefur og halda greiðfærri leið að þeim. Í skipulagi nýrra hverfa skal eftir því sem við á að gera ráð fyrir sorpgeymslum og aðkomu að þeim við skipulagningu. Sorprennur eru óheimilar og skal aðgengi að sorpgeymslu vera án trappa og ekki í niðurgrofnum kjöllurum.

10.gr

Gámar á yfirborði og djúpgámar

Með gámum er í samþykkt þessari átt við bæði gáma á yfirborði og niðurgafna gáma, svokallaða djúpgáma. Hægt er að óska eftir að heimilisúrgangur sé hirtur úr gámum sem losaðir eru með krana. Um skilgreiningu á gámum, hvort sem um er að ræða gáma á yfirborði eða djúpgáma, fer eftir staðlinum IST EN 13071 og skulu gámarnir uppfylla ákvæði staðalsins. Afla skal samþykkis mannvirkja- og umhverfisviðs Árborgar við val á gámum, fjölda þeirra og staðsetningu ásamt því að styðjast við hönnunarviðmið um úrgangslausrir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík eftir því sem við á.

Kaup gáma, rekstur þeirra og framkvæmdir við gerð og frágang í kringum þá, hvort sem er kassi, gámur, lúga eða annar tengdur búnaður, skal vera á kostnað og ábyrgð lóðarhafa. Gámar skulu rúma það magn úrgangs sem til fellur frá fasteigninni. Við ákvörðun á fjölda gáma skal minnst gera ráð fyrir fjórum flokkum úrgangsflokkum við val á stærð og staðsetningu gáma.

Gámarnir skulu vera staðsettir á lóð viðkomandi fasteignar. Í undantekningartilfellum þar sem sýnt er fram á, með sérstökum rökstuðningi, að ekki sé unnt að staðsetja djúpgáma á lóð viðkomandi fasteignar er heimilt að staðsetja djúpgáma á sérstakri lóð sem er í tegnslum við þá lóð sem fasteignin stendur á. Ætíð skal vera sami eigandi á lóð undir djúpgáma og eigandi lóðar.

Staðsetning gámanna skal vera þannig að losnun þeirra hindri ekki aðra umferð og öryggi vegfarenda sé tryggt. Lóðarhafi ber ábyrgð á rekstri gáma, hreinsun og umgengni um lóðina og nánasta umhverfi hennar eins og um annars konar sorpgeymslu sé að ræða. Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til að hreinsa lóðina á kostnað eiganda sé talin ástæða til þess, sbr. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Við ákvörðun fjarlægðar gáma frá inngangi fasteignar skal miða við viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar. Gámar skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir fyrir viðkomandi svæði.

Að öðru leyti gildir 4. og 9. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

11.gr

Frágangur úrgangs

Draga skal úr myndun úrgangs eins og hægt er og stuðla að undirbúningi hans fyrir endurnotkun og endurvinnslu. Úrgangur sem til fellur skal endurnota eftir föngum. Úrgangur sem ekki verður

endurnotaður skal flokkaður til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar. Þrifa skal allt endurvinnsluefni svo það sé ekki mengað af matarafgöngum eða vökvum í endurvinnslutunnum.

Í sorpílát fyrir bylgjupappa og pappa skal setja endurvinnanlegan úrgang samkvæmt nánari skilgreiningu sveitarfélagsins. Í sorpílát fyrir plastumbúðir skal setja allt endurvinnanlegt plast samkvæmt nánari skilgreiningu sveitarfélagsins. Í tunnu fyrir lífúrgang skal setja matarafganga og aðra flokka samkvæmt nánari skilgreiningu sveitarfélagsins. Í sorpílát fyrir almennan úrgang má aðeins setja það sem ekki er hægt að endurnýta og endurvinna og sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald. Allan annan úrgang er óheimilt að setja í sorpílát.

Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sveitarfélagið Árborg skal í samvinnu við samstarfsaðila í málaflokknum og heilbrigðisnefnd halda uppi fræðslu um flokkun og endurnýtingu til íbúa og lögaðila í sveitarfélaginu sem og til ferðamanna og gesta.

Sé ekki farið að reglum um frágang úrgangs, umgengni við sorpgeymslur- og gerði eða ranga flokkun úrgangs skal sorphirðuaðili skilja úrgang í ílátum eftir, merkja viðkomandi ílát og tilkynna til mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar.

12.gr.

Umgengni á almannafæri

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu.

Tæki og hlutir sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skal geyma á þar til gerðum svæðum. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningamerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í lágmarki. Öðrum aðilum er heimilt að sækja um geymslusvæði til Svf. Árborgar.

13.gr.

Söfnunarstöð

Allur úrgangur sem ekki er heimilt að setja í sorpílát fyrir almennan heimilisúrgang, ílát fyrir lífúrgang og ílát fyrir endurvinnsluefni skal fluttur til ~~grænndar~~ söfnunarstöðvar (gámasvæðis) Þetta gildir um úrgang frá heimilum, lögaðilum, fyrirtækjum eða stofnunum.

Í Svf. Árborg er söfnunarstöð við Víkurheiði 4, Selfossi. Á söfnunarstöð (gámasvæði) er hægt að skila eftirfarandi úrgangi: Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi, timbri, brotamálum, gleri, textíl, rafmagns- og rafeindatekum sem og öðrum grófum úrgangi. Garðaúrgangi og minniháttar jarðvegsefni, þ.m.t.grjót og múrbroti, skal koma með til söfnunarstöðvar eða á annan viðurkenndan losunarstað á vegum sveitarfélagsins. Spilliefnum er hægt að skila til söluaðila eða á söfnunarstöð Árborgar. Lyfjaafgöngum skal skila í apótek.

14.gr.

Gjaldtaka

Sveitarfélagið Árborg innheimtir gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjald skal innheimta samkvæmt gjaldskrá sem sett er í samræmi við 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við ákvörðun gjaldsins skal miða við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins við meðhöndlun úrgangs í formi fasts gjalds. Sveitarfélaginu er þó heimilt að innheimta allt að 50% af heildarkostnaði til

1. janúar 2025. Gjaldskráin er nánar útfærð í sérstakri gjaldskrá sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá söfnunarstöðvar. Gjald skal vera sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu og endurspegla þann kostnað sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 255/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

15.gr.

Kvartanir og kærur

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal henni komið á framfæri við sorphirðuverktaka, við skrifstofu mannvirkja- og umhverfissviðs í gegnum ábendingagátt á heimasíðu Árborgar eða til Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Heimilt er að kæra stjórnvaldsáskvarðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

16.gr.

Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

17.gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfis, orku og loftlagsráðuneytinu, xx. mars 2023

F.h.r.